



Nefndarsvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2024

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996 (afbrotavarnir, vopnaburður og eftirlit með lögreglu). Þingskjal 1058 - 707. mál.**

Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp sem hefur m.a. það að markmiði að skýra og styrkja heimildir lögreglu til að viðhafa aðgerðir í þágu afbrotavarna og efla eftirlit með störfum lögreglu. Frumvarpinu er enn fremur ætlað að færa lagagrundvöll um meðferð vopna í lögreglulög í stað vopnalaga eins og verið hefur til þessa.

Umsögn þessi er að mestu samhljóða umsögn embættisins við frumvarpið sem lagt var fram á 153. löggjafarþingi, þingskjal 677, 535. mál.

Hvað varðar störf lögreglu í þágu afbrotavarna er markmið frumvarpsins að skýra og útfæra núverandi heimildir lögreglu til slíkra aðgerða. Í fyrsta lagi er kveðið á um að lögregla hafi heimild til þess að nýta þær upplýsingar sem hún býr yfir eða aflar sér með það að markmiði að lögregla geti uppfyllt öryggis- og afbrotavarnahlutverk sitt. Í öðru lagi er skerpt á þeim heimildum lögreglu til að afla upplýsinga og viðhafa eftirlit með fólki og stöðum í því skyni að draga úr brotastarfsemi. Í þriðja lagi er lagt til að heimildir lögreglu til afbrotavarna í þágu öryggi ríkisins verði gerðar skýrari og þær styrktar. Að mati embættisins er um að ræða mikilvægt skref í að formfesta og setja skýrari ramma um þær heimildir sem lögreglu er heimilt að beita til þess að tryggja öryggi samfélagsins í samræmi við það hlutverk sem henni er falið. Þá er enn fremur verið að skýra hlutverk lögreglu og heimildir með hliðsjón af því sem tíðkast hjá nágrannaþjóðum og annarra erlendra ríkja sem Ísland hefur borið sig saman við. Þess skal þó getið að þær heimildir sem um ræðir, einkum í þágu öryggi ríkisins, eru mun takmarkaðri en annars staðar á Norðurlöndunum. Ekki verður horft fram hjá því að eðli og umfang lögreglustarfsins hér á landi og annars staðar hefur tekið stakkaskiptum á undanförunum áratugum. Ráða þar mestu tækniþróun og alþjóðavæðing sem hafa haft í för með sér ný úrlausnarefni sem þarf að sinna svo að unnt sé að tryggja almannaöryggi. Störf lögreglunnar eru orðin erfiðari og mun flóknari en fyrr. Embættið telur þannig mikilvægt og tímabært að heimildir lögreglu sé skýrðar og útfærðar líkt og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Á sama tíma er gert ráð fyrir að eftirlit með störfum lögreglu verði eflt og er það mikilvægur þáttur þess að tryggja grundvallar réttindi borgara og samfélagsins alls. Líkt og fram kemur

Hverfisgata 115  
150 Reykjavík

Sími: 444-1000  
Fax: 444-1015  
Veffang: [www.lrh.is](http://www.lrh.is)  
Netfang: [lrh@lrh.is](mailto:lrh@lrh.is)

Í frumvarpinu er mikilvægt að tryggja nauðsynlegt aðhald með störfum lögreglu og að einstaklingar sem sæta aðgerðum lögreglu að ósekju geti leitað réttar síns. Embættið telur að styrking eftirlits með störfum lögreglu sé jákvætt skref og tekur undir mikilvægi þess að eftirlit sé eftt.

Með frumvarpinu eru ekki lagðar til eðlisbreytingar á fyrirkomulagi á vopnaburði lögreglu en embættið telur það fara betur að lagastoð þess efnis sé sótt til ákvæða lögreglulaga í stað vopnalaga líkt og nú er.

Í greinargerð með frumvarpinu er að finna ítarlegan rökstuðning um nauðsyn þess að efla afbrotavarnir lögreglu samhliða því að efla eftirlit með störfum lögreglu. Embættið tekur undir það sem fram kemur í greinargerð með frumvarpi þessu auk umsagnar Lögreglustjórafélags Íslands, dags. 6. mars sl. til Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, og áréttar mikilvægi þess að frumvarp þetta verði að lögum.

Virðingarfyllt,



Margrét Kristín Pálsdóttir,  
Settur aðstoðarlögreglustjóri/staðgengill lögreglustjóra.